

AUGLÝSING

um skipulagsmál í Hafnarfjarðarkaupstað.

Breyting á deiliskipulagi á athafnasvæði hestamannafélagsins Sörla við Kaldárselsveg.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti skipulags- og byggingarráð á fundi sínum 25. febrúar 2020 breytingu á deiliskipulagi á athafnasvæði hestamannafélagsins Sörla þar sem m.a. var gert ráð fyrir breytingu á byggingarreit reiðhallarinnar, fjölgun lóða fyrir minni hesthús fyrir Fluguskeið og Kaplaskeið og breytingum á lóðarstærðum og númerum húsa. Skilmálatafla er uppfærð og greinargerð ásamt stígatengingum.

Deiliskipulagsbreytingin hefur hlotið þá meðferð sem skipulagslög nr. 123/2010 mæla fyrir um og öðlast hún þegar gildi.

Deiliskipulagsbreyting, Suðurgata 73.

Á fundi bæjarstjórnar Hafnarfjarðar þann 7. febrúar 2020 var samþykkt deiliskipulagsbreyting er nær til lóðarinnar við Suðurgötu 73.

Deiliskipulagsbreytingin hefur hlotið þá meðferð sem skipulagslög nr. 123/2010 mæla fyrir um og öðlast hún þegar gildi.

Deiliskipulagsbreyting, Reykjavíkurvegur 39.

Á afgreiðslufundi skipulags- og byggingarfulltrúa Hafnarfjarðar þann 4. mars 2020 var samþykkt breyting á lóðinni við Reykjavíkurveg 39.

Deiliskipulagsbreytingin hefur hlotið þá meðferð sem skipulagslög nr. 123/2010 mæla fyrir um og öðlast hún þegar gildi.

Hafnarfirði, 16. mars 2020.

Gunnþóra Guðmundsdóttir, arkitekt og skipulagsfulltrúi.